



Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið annast rekstur 64 leikskóla, 36 grunnskóla og 6 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt heyrir rekstur Námsflokka Reykjavíkur, skóla-safnamíðstöðvar, myndvers, eins tónlistarskóla og fjögurra skólahljómsveita undir sviðið.

Markmið sviðsins er að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Þjónusta sviðsins nær til rúmlega 20.000 barna og fjölskyldna þeirra og á fimmta þúsund starfsmenn eru þar starfandi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirstjórn og samhæfing í þjónustu skóla- og frístundasviðs.
- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd skóla- og frístundamála í umboði skóla- og frístundaráðs.
- Undirbúningur mála fyrir skóla og frístundaráð ásamt ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Stefnumótun í skóla- og frístundamálum í samvinnu við skóla- og frístundaráð og umsjón með innleiðingu umbótaþátta ráðsins.
- Forysta við þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða í skóla og frístundamálum ásamt mati á árangri og eftirliti.
- Ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun ásamt annarri áætlanagerð.
- Ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum.
- Samstarf við opinbera aðila í skóla- og frístundamálum innanlands og utan.
- Sviðsstjóri tilheyrir yfirstjórn borgarinnar.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- Leiðtogaþæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar.
- Þekking og reynsla af rekstri og opinberri stjórnsýslu.
- Viðtæk þekking og reynsla af málefnum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og kunnáttu í norrænu máli er kostur.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar. Ráðið er í starf sviðsstjóra til 5 ára.

Umsóknarfrestur er til 21. júní 2015.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á www.reykjavik.is

Umsóknnum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á hæfni til þess að gegna starfinu ásamt framtíðarsýn varðandi mikilvægustu umbætur í skólamálum í borginni. Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar í síma 411-4216 eða með tölvupósti ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.